



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/2176
komudagur 29.5.2006.

Reykjavík, 22. maí 2006

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, 695. mál, heildarlög.

Vísað er til bréfs nefndarritara menntamálanefndar, dags. 25.04.2006 vegna beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að veita umsögn um frumvarps til ofangreindra laga.


Velferðarsvið Reykjavíkurborgar styður setningu laga sem miða að því að tryggja börnum og ungmennum vernd gagnvart ofbeldiskvikmyndum og – tölvuleikjum sem og kvikmyndum eða tölvuleikjum sem ógna velferð barna og ungmenna eins og þessi hugtök eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur ósamræmi felast á milli ákvæða 3. og 4. gr. gr. frumvarpsins. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að bannað sé að sýna börnum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og ofbeldistölvuleiki sem og kvikmyndir eða tölvuleiki sem ógna velferð þeirra og að bönnuð sé sýning, sala og önnur dreifing á slíku efni barna sem hafa ekki náð lögræðisaldri. Í 4. gr. i.f. segir hins vegar að *allar* kvikmyndir megi hafa til sýnis opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila. Það er mat Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að sé mynd ofbeldisfull geti hún haft veruleg og varanleg áhrif á börn hvort sem horft er á hana með foreldri eða forsjáraðila eður ei. Foreldrar og forráðamenn eiga misauðvelt með að meta hvað sé í lagi að bjóða börnum sínum upp á og hvað ekki og með því að taka fram að mynd sé bönnuð börnum innan t.d. 16 ára aldurs og með því að ákveða að viðkomandi aldursmörk gildi undantekningalaust er verið að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu.

Það er einnig mat Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í frumvarpið vanti ákvæði um bann við að auglýsa megi bannaðar ofbeldismyndir og ofbeldistölvuleiki með því að sýna úr þeim (s.k. trailer) á barnasýningum kvikmyndahúsa og á öðrum opinberum birtingastöðum fyrir börn.

Að lokum telur Velferðarsvið Reykjavíkurborgar að setja ætti sérstaka reglugerð um tölvuleikjasali og um eftirlit með þeim, hvaða aldursmörk varðandi aðgang að slíkum stöðum o.fl.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Guðmundur St. Ragnarsson, lögfr.

Afrit sent:
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar.